

HÚSFÉLAG SAUTJÁNDAJÚNÍTORGS 1, 3, 5 OG 7

210 GARÐABÆR

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.08.2015
Málalykill	10.14
Mál nr.	1308333

Garðabæ, 14. ágúst 2015

Bæjarstjóri Garðabæjar,

Garðatorgi

210 Garðabær

Efni: Bílastæði meðfram Sautjándajúnitorgi fimm og sjö.

Hr. bæjarstjóri:

Við höfum athugað svar frá bæjarritara Garðabæjar, dags. 30. desember 2013, við bréfi okkar dags. 19. ágúst 2013. Athugun á stöðu okkar leiddi í ljós að ekki væri grundvöllur fyrir kröfugerð á hendur bæjarins, seljanda eða fasteignasala vegna ákvæðis í þinglesinni eignaskiptayfirlýsingu, skjals nr 1933, um Sautjándajúnitorg 1-7: „Á lóðinni eru 50 bílastæði og eru afnot af þeim í sameign allra eignanna á lóðinni.“

Út frá þessari stöðu viljum við óska eftir því að bærinn gefi tímabundið leyfi til að stæði meðfram húsum nr 5 og 7 verði merkt, til reynslu: „Einungis fyrir íbúa Sautjándajúnitorgs og gesti þeirra“.

Við munum að sjálfsögðu halda áfram að brýna fyrir íbúum að nota bílageymsluna sem mest enda er aðkoma þar góð, með tveimur aðkeyrsluhurðum.

Við gerum ráð fyrir að halda húsfund um miðjan september og við myndum meta það mikils ef við fengjum svar þitt fyrir þann tíma.

Virðingarfyllt,

Guðni Jónsson

formaður húsfélags